



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sauðárkróki 18. febrúar 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga). Þingskjal 470, 378. mál.

Bygðastofnun hefur fengið til umsagnar frumvarp um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum tekjustofna sveitarfélaga. Frumvarpið byggir áherslum í þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2023.

Bygðastofnun tekur undir áherslur þingsályktunarinnar þar sem segir að:

- „Sveitarfélögin á Íslandi verði öflugar og sjálfbærar staðbundnar stjórnsýslueiningar sem verði ein meginstoð velferðar íbúanna.“
- „Tryggja beri fjárhagslega og rekstrarlega getu einstakra sveitarfélaga til að standa til lengri tíma undir lögbundinni þjónustu við íbúana, innviðaupbyggingu og öðrum brýnum viðfangsefnum nærsamfélagsins. „

Áherslurnar eru í samræmi við markmið a. í gildandi byggðaáætlun þar sem áhersla er lögð á að jafna aðgengi að þjónustu. Einnig er í framtíðarsýn byggðaáætlunar lögð áhersla á „... öflug sveitarfélög sem geti annast staðbundin verkefni og veitt íbúum hagkvæma og góða þjónustu með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi.“ Þá er einnig áhersla á að „Grunnþjónusta verði veitt íbúum sem mest í nærsamfélagi.“

Í 9.gr. frumvarpsins er gert er ráð fyrir að sveitarfélögum verði gert að móta sér stefnu til lengri tíma um þjónustustig í byggðum og byggðakjörnum fjarri stærstu byggðakjörnum í samráði við íbúa sveitarfélagsins. Með þessu ákvæði er áréttað mikilvægi sveitarfélaga sem þjónustuveitanda og er ákvæðið í samræmi við áherslu byggðaáætlunar á að grunnþjónusta verði veitt sem mest í nærsamfélaginu.

Virðingarfyllst
f.h. Bygðastofnunar

Aðalsteinn Þorsteinsson
forstjóri